

Alþingi
Erindi nr. P 136/1084
komudagur 6.3.2009

Nefndasvið Alþingis,
Efnahags- og skattanefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar.

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs efnahags- og skattanefndar, dags. 20. febrúar 2009, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan gjaldmiðilsmála, 178. mál.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið efni tillögunnar og gerir ekki athugasemd við að kannaðir verði möguleikar á því að tengja íslensku krónuna við aðrar myntir.

Virðingarfyllt, f.h. Fjármálaeftirlitsins.

Kristján Ólafur Jóhannesson



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 136/983
komudagur 2.3.2009

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Dagsetning
2. mars 2009

Tilvísun
A-8
LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 20 febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan gjaldmiðilsmála, 178. mál, tenging krónunnar við aðra mynt.

Í ljósi lögformlegrar stöðu sinnar þykir Ríkisendurskoðun ekki rétt að taka sérstaka afstöðu til ofangreindrar þingsályktunartillögu.

Erinn Þórunn
Árnadóttir

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
vt. Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. mars 2009 02-2009020863
T-ums 05/09


**Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan
gjaldmiðilsmála - 178. mál, þskj. 220.**

Ríkisskattstjóri vísar til bréfs yðar dags. 20. febrúar 2009 þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan gjaldmiðilsmála, 178. mál, þskj. 220.

Ríkisskattstjóri telur ekki ástæðu til að gera athugasemd við tillöguna, enda verður ekki séð að efni hennar snerti verksvið embættisins.

Virðingarfyllst


Guðrún J. Jónsdóttir


Skúli Eggert Þorðarson



Alþingi
Erindi nr. P 136/1116
komudagur 9.3.2009

9. mars 2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 20. febrúar 2009 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan gjaldmiðilsmála, 178. mál, tenging krónunnar við aðra mynt.

Efni tillögunnar er það að Alþingi álykti „að fela ríkisstjórninni að kanna möguleika á því að tengja íslensku krónuna við aðra mynt, t.d. norsku krónuna í samráði og samstarfi við norsk stjórnvöld. Reynist þess ekki kostur verði kannaðir möguleikar á að taka upp evru sem gjaldmiðil, með eða án samráðs við Evrópusambandið.”

Seðlabankinn telur að þær hugmyndir um tilhögun peningamála sem rætt er um í nefndri þingsályktunartillögu eigi að skoða í samhengi heildarendurskoðunar á peningamálum þjóðarinnar, sem eðlilegt er að fari fram í kjölfar reynslu undanfarinna ára. Ástæða er þó til að minna á að núverandi tilhögun peningamála var tekin upp í kjölfar þess að einhliða fastgengisstefna af því tagi sem m.a. virðist nefnd sem möguleiki í þingsályktunartillögunni hafði beðið skipbrot árið 2001. Litlar líkur eru á því að fastgengisstefna yrði árangursríkari í framtíðinni, jafnvel þótt hún yrði með yfirlýstum stuðningi útgefanda þess gjaldmiðils sem gengi krónunnar yrði fest við. Þessar og aðrar hugmyndir er þó sjálfsagt að skoða í víðara samhengi heildarendurskoðunar á umgjörð peningastefnunnar eins og áður segir.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Svein Harald Öygard
seðlabankastjóri

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Alþingi
Erindi nr. P 136/1083
komudagur 6.3.2009



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars 2009.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um breytta skipan gjaldmiðismála (178. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér að Alþingi kanni möguleika á festa gengi krónunar við aðra mynt og á að taka upp evru sem gjaldmiðil, með eða án samráðs við Evrópusambandið.

Núverandi staða efnahagsmála hefur m.a. sýnt það að rekstur örsmás og fljótandi gjaldmiðils í opnu alþjóðlegu hagkerfi gengur ekki. Ýmisleg vandamál hafa staðið í vegi þess að sjálfstæð peningastefna hafi skilað þeim ábata sem henni hefur verið ætlað á undanförunum árum og nú er svo komið að íslenska krónan er rúin trausti á alþjóðamörkuðum.

Þrátt fyrir að ráðið verði fram úr þeim vandamálum þá verður ekki komist hjá ákveðnum fórnarkostnaði við að halda úti eigin gjaldmiðli og sjálfstæðri peningamálastefnu. Íslenska krónan er viðskiptahindrun, hvernig sem á það er litið, og því fylgja tvímælalaust ókostir. Stafar það af því að sjálfstæður gjaldmiðill dregur úr utanríkisviðskiptum og erlend fjárfesting og áhættudreifing hagkerfisins verður einnig minni en ella. Að auki hefur sjálfstæður gjaldmiðill sjálfkrafa í för með sér aukið vaxtaálag í hagkerfum sem þurfa að afla sér lánsfjár erlendis frá.

Ef við ætlum að búa íslenskum fyrirtækjum umhverfi sem einkennst af trúverðugleika, stöðugleika og lágum fjármagns- og viðskiptakostnaði þá verður að horfa fram á veginn og finna hagfellda lausn á stjórnun peningamála til frambúðar. Það er skylda löggjafans og stjórnvalda að kanna alla möguleika í þeim efnum og ættu engar raunhæfar leiðir að vera útilokaðar.

Viðskiptaráð gerir hins vegar nokkrar athugasemdir við þær leiðir sem lagðar eru til í tillögu þessari.

Tenging við aðra mynt, t.d. norsku krónunar

Að mati Viðskiptaráðs er alger óþarfi fyrir Alþingi að leggjast í vinnu við að kanna þennan möguleika þar sem norsk stjórnvöld hafa þegar og í reynd ítrekað hafnað öllum hugmyndum í þessa veru. Önnur, mun brýnni, verkefni bíða afgreiðslu Alþingis.

Einhliða upptaka evru

Eins og margoft hefur komið fram í opinberri umræðu hérlendis þá er einhliða upptaka annars gjaldmiðils varasöm aðgerð og ólíkleg til að bera þann árangur sem þarf til frambúðar. Var m.a. fjallað um þetta í grein 32 hagfræðinga sem birtist í Morgunblaðinu þann 7. janúar síðastliðinn. Í þeirri grein segir m.a. „Talsmenn þeirrar hugmyndar [innsk: einhliða upptöku] telja að sú leið sé skjótvirk lausn á núverandi gjalddeyriskreppu og undankomuleið frá stórfelldum erlendum

lántökum. Því miður stenst hvorug þessara fullyrðinga þótt gjaldmiðilsskiptin séu í sjálfu sér tæknilega einföld. Þvert á móti er einhliða upptaka erlends gjaldmiðils ekki líkleg til að leysa gjaldeyriskreppuna auk þess sem önnur og enn alvarlegri vandamál gætu risið ef slík leið yrði farin.

„Einhliða upptaka erlends gjaldmiðils, án samþykkis eða stuðnings útgefanda hans, er ekki sambærileg við þátttöku í myntbandalagi hvað varðar ábata og efnahagslegan stöðugleika. Það er ekki aðeins að landsmenn þyrftu sjálfir að bera kostnaðinn af myntskiptunum og töpuðu myntsláttuhagnaði um alla framtíð. Með því móti stæðu landsmenn einnig uppi án seðlaprentunarvalds og án nokkurra möguleika til þess að styðja við íslenskt fjármálakerfi með tryggum aðgangi að lausafé nema því aðeins að ríkisvaldið útvegaði evrur með einhverju móti, s.s. með erlendri lántöku. Án alþjóðlegs stuðnings við upptökuna yrði slíkur aðgangur aldrei að fullu tryggður.“

„Meðal mikilvægustu hlutverka seðlabanka í öllum löndum heimsins er að veita fjármálakerfinu bakstuðning sem lánveitandi til þrautavara. Þetta hlutverk má alls ekki vanmeta. Fjármálakerfi án öflugs bakhjarls er ekki til þess fallið að skapa traust við núverandi aðstæður í heiminum. Af þessum sökum m.a. er ólíklegt að einhliða upptaka evru leiði sjálfkrafa til þess að vextir verði þeir sömu hérlandis og á evrusvæðinu. Við núverandi aðstæður er hættu á að áhættuálag á vexti til íslenskra aðila yrði áfram hátt og gæti vegið upp þann sparnað sem hlýst af minni gjaldmiðlaáhættu.“

„Sú aðgerð ein og sér að skipta um gjaldmiðil mun ekki greiða úr þeim undirliggjandi vandamálum sem valda núverandi gjaldeyriskreppu. Með einhliða upptöku evru væri þvert á móti dregið úr þeim möguleikum sem Íslendingar hafa til þess að taka á eigin vandamálum, þar sem landsmenn hafa þar með gefið frá sér sjálfstæði í peningamálum án þess að tryggja á móti nauðsynlegt öryggi fjármálakerfisins. Ekki verður með nokkru móti séð að einhliða upptaka evru (eða hvaða annars gjaldmiðils sem er) sé sú töfralausn sem svo mjög hefur verið haldið fram á opinberum vettvangi.“

Að mati Viðskiptaráðs ætti Alþingi Íslendinga að einbeita sér að því að kanna til hlítar raunhæf úrræði sem eru líkleg til að færa heimilum, fyrirtækjum og hagkerfinu í heild stöðugleika, trúverðugleika og ávinning til langframa. Tenging við norsku krónuna og einhliða upptaka evru eru ekki á meðal slíkra úrræða.

Vilji nefndarmenn kynna sér nánar kosti og ókosti einhliða upptöku annars gjaldmiðils þá er vert að benda á skýrslu Viðskiptaráðs *Íslenska krónan: byrði eða blóraböggull*. Skýrslan er aðgengileg á vef ráðsins www.vi.is.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs





Alþingi
Erindi nr. P 136/1025
komudagur 5.3.2009

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 02.03.2009
Tilv. 200903002 - 00-2

Vinnumálastofnun þakkar nefndinni fyrir að veita stofnuninni möguleika til að gefa álit sitt á þingmáli nr. 178, tenging krónunnar við aðra mynt.

Stofnunin sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni ofangreinds frumvarps.

Virðingarfyllst,
 Unnur Sverrisdóttir /  Einar B. Sigurbergsson